



FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík, Sími 595 1111
ff@ki.is www.ki.is

Reykjavík, 8. mars. 2017

Til formanna félagsdeilda, fulltrúa FF í stjórn Vísindasjóðs FF/FS, kjörstjórnar, uppstillingarnefndar, stjórnar, samninganefndar og skólamálanefndar FF

Fundarboð um fulltrúafund Félags framhaldsskólakennara 2017

Fulltrúafundur skv. 10. grein laga Félags framhaldsskólakennara verður haldinn **fimmtudaginn 27. apríl** Fosshótel, Þórunnartúni 1, 105 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 9:00 með mætingu og morgunverði en áætlað er að fundurinn hefjist kl. 9:30 og eru fundarlok áætluð um kl. 16:00.

Dagskrá fundarins verður send út síðar.

Fulltrúafundir

10. gr.

Þau ár, sem ekki er haldinn aðalfundur, skal stjórn félagsins boða til fulltrúafundar þar sem m.a. er fjallað um starfsemi félagsins og starfsáætlun og starfsemi félagsdeilda auk þess sem gefið er yfirlit yfir fjárhagsstöðu félagsins og Vísindasjóðs FF og FS.

Eftirtaldir sitja fulltrúafund félagsins: Stjórn þess, samninganefnd, skólamálanefnd og formenn félagsdeilda. Félagsmenn FF á þeim vinnustöðum þar sem ekki er starfrækt félagsdeild kjósa einn fulltrúa.

Verði breytingar á fulltrúaskipan í stjórnnum, nefndum og ráðum á kjörtímabili fulltrúa, sbr. 8., 12., 17., 18., 19., 20., 21., 22. og 23. greina laga FF, kýs fulltrúafundur FF þá fulltrúa sem upp á vantar. Taka fulltrúar sæti í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Uppstillingarnefnd FF og kjörstjórn FF hafa með höndum undirbúning kosninga og framkvæmd, sbr. 17. og 23. greina laga FF.

Fulltrúafundir eru opnir öllum félagsmönnum.

Fulltrúafund má halda oftari en segir í 1. málsgrein ef þurfa þykir vegna kjarasamninga eða annars sem snertir kjör og hag félagsmanna.

Fulltrúafundi skal boða með a.m.k. 14 daga fyrirvara.

Vinsamlega skráið ykkur hið fyrsta á fundinn hjá Önnu Maríu Gunnarsdóttur anna@ki.is Reglur um ferða- og gistikostnað eru á síðu 2 í fundarboðinu.

Með kveðju

F.h. stjórnar Félags framhaldsskólakennara
Guðríður Arnardóttir, formaður

Reglur um ferða- og gistikostnað

Reglur um ferða- og gistikostnað.

Ferðakostnaður

- Akstur á eigin bifreið greiðist skv. reglum Ferðakostnaðarnefndar ríkisins, þó ekki meira en ígildi meðalflugfargjalds af sama svæði. Ekki er greitt fyrir akstur ef vegalengd að og frá fundarstað er undir 30 km samtals.
- **Aðeins er greitt fyrir akstur á einum bíl frá hverjum stað og fundarfólk sameinist um bíla. Ekki skal taka bílaleigubíla án samráðs við félagið.**
- Veggjald um göng greiðist sem stök ferð.
- Þeir sem koma með flugi bóka sjálfir flug á netinu og greiða það. Ávallt skal leita hagstæðasta verðs á fargjaldi.
- Ferðir með áætlunarbifreiðum/ferjum, leigubílakostnaður vegna flugferðar og/eða vegna ferðar með áætlunarbifreið, frá komustað á fundarstað og til baka, er greiddur skv. framlögðum reikningum. Fundarfólk sameinist um leigubíla.
- Fylla ber út ferðakostnaðareyðublað á fundarstað til að fá akstur greiddan og annan útlagðan ferðakostnað, skv. reglum og framlögðum reikningum.

Gistikostnaður

Félagið greiðir gistingu gegn framlögðum reikningum. Þeim sem þurfa að gista er bent á eftirfarandi kosti:

1. Bóka herbergi á Sóleyjargötu 33 hjá Orlofssjóði KÍ í síma 595-1111 (skiptiborð KÍ) á reikning FF sem greiðir reikninginn. Athugið að þeir sem bóka herbergi á netinu á sinni kennitölu eyða eigin orlofspunktum.
2. Félagsmenn geta einnig nýtt sér afsláttarkjör Orlofssjóðs KÍ á Fosshótelum og á Gistiheimilinu Bröttugötu. Tengiliður á Fosshótelum er Elísabet María Pétursdóttir, sími: 562 4000 / 562 4064. Netfang: elisabet@fosshotel.is . Tengiliður á Gistiheimilinu Bröttugötu er Ingunn Gísladóttir, s. 612 9800 Netfang: ingunn.gisladottir@gmail.com

Þeir sem nota leið 2 panta hótélherbergi sjálfir á eigin nafni og nafni félagsins og (kennitala FF er 510200-2920) sem fær sendan reikninginn. Einfaldast er að senda póst og skrifa í efnislínu: Kennarasambands Íslands v/gistingar.

ATH Við mælumst til þess að félagsmenn sem þurfa að kaupa flugmiða vegna fundarins geri það strax þar sem fargjöld hækka þegar nær dregur.